

Samþykkt fyrir menningar- og lýðræðisnefnd Mosfellsbæjar.

1. gr.

Menningar- og lýðræðisnefnd fer með menningar- og lýðræðismál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og samþykkt þessari.

Nefndin fer með málefni Bókasafns Mosfellsbæjar, sbr. bókasafnalög [nr. 150/2012](#), og Héraðs-skjalasafns sbr. [reglugerð um héraðsskjalasöfn](#). Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja samkvæmt safnalögum [nr. 140/2011](#) og lögum um menningarmínjar [nr. 80/2012](#). Nefndin fer með vinabæjarsamskipti, málefni félagsheimilisins Hlégarðs, hefur umsjón með listaverkæign bæjarins og fer með málefni Lista- og menningarsjóðs bæjarins.

2. gr.

Menningar- og lýðræðisnefnd er skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara, kosnum af bæjarstjórn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann. Kjörtímabil hennar er það sama og bæjarstjórnar.

Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar.

Fulltrúar í menningar- og lýðræðisnefnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni sbr. stjórnarsýslulög, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

3. gr.

Hlutverk og verkefni menningar- og lýðræðisnefndar er að:

- Gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í menningamálum og hafa eftirlit með að stefnu bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé framfylgt.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í lýðræðismálum og hafa eftirlit með að stefnu bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé framfylgt.
- Gera tillögur til bæjarstjórnar um ný verkefni, sem stuðla að uppbyggingu á sviði menningar- og lýðræðismála.
- Hafa eftirlit með starfsemi stofnana sem vinna að menningarmálum og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum í samræmi við lög og stefnu sveitarfélagsins og veiti góða þjónustu.
- Leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins á sviði menningarmála.
- Leggja reglubundið mat á stöðu lýðræðis- hjá Mosfellsbæ og gera tillögur að umbótum þegar þess þarf með. Einnig að fjalla um þær ábendingar sem berast nefndinni vegna þeirra viðfangsefna sem nefndin hefur með höndum.
- Að þróa og útfæra lýðræðisverkefnið „Okkar Mosó“ í samvinnu við starfsmenn bæjarins og íbúa.

- Fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar.
- Fjalla um erindi sem berast nefndinni.
- Hafa eftirlit með rekstri Bókasafns Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar.
- Hafa umsjón með vinabæjarsamskiptum bæjarins.
- Hafa umsjón með listaverkæign bæjarins og útilistaverkum og gera tillögu um staðsetningu hvers konar myndverka á almannafæri.
- Hafa umsjón með húsafriðun og friðlýstum fornminjum.
- Efla menningarstarfsemi í Mosfellsbæ og hafa um það samstarf við félög og aðila sem starfa á því sviði.
- Fylgjast með starfsemi félaga er starfa að menningarmálum og njóta styrks úr bæjarsjóði.
- Hafa umsjón með Lista- og menningarsjóði og gera tillögur til bæjarstjórnar um styrki úr sjóðnum.
- Vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis á sviði menningar- og lýðræðismála og vinna að þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

4. gr.

Bæjarstjóri tilnefnir starfsmann nefndarinnar. Starfsmaðurinn situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Viðkomandi er ráðgjafi nefndarinnar og sér að jafnaði um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað. Starfsmaður nefndarinnar undirbýr fundi í samstarfi við formann og fylgir eftir ákvörðunum nefndarinnar í samráði við bæjarstjóra eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær.

5. gr.

Sé ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt. Nefndin skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð mála.

Samþykkt á X. fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar þann X.Y. 2022.